

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 9. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:
Borgarstjóri og forseti borgarstjórnar boða til borgarstjórnarfundar.

2. gr.

Við 10. gr. samþykktarinnar bætast 2 nýjar málsgreinar svohljóðandi:
Þegar óskað er eftir því að tillaga verði tekin á dagskrá skal senda hana forsætisnefnd ásamt heiti tillögunnar. Hið sama gildir um heiti umræðna.

Þegar óskað er eftir að kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar verði teknar á dagskrá, skal senda forsætisnefnd upplýsingar um nöfn þeirra sem lagt er til að taki sæti.

3. gr.

1. mgr. 23. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Við umræðu um mál skv. 4. tölul. 2. mgr. 10. gr. má ræðutími í fyrstu ræðu vera allt að tuttugu mínútur. Ræðutími í seinni ræðum má vera allt að tíu mínútur. Hið sama gildir um ræður borgarstjóra. Við umræður um önnur mál, fundargerðir skv. 2. tölul. 2. mgr. 10. gr. og umræður utan dagskrár er ræðutími takmarkaður við tíu mínútur.

4. gr.

27. gr. samþykktarinnar ásamt fyrirsögn breytist og verður svohljóðandi:

Bókun og fyrirspurnir.

Borgarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í borgarstjórn eða stutta fyrirspurn í fundargerð um mál sem er á verksviði borgarstjórnar.

Bókanir og fyrirspurnir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Óheimilt er að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu borgarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.

5. gr.

36. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Borgarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem borgarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga og skrá fjárhagslega hagsmuni sína og trúnaðarstörf utan borgarstjórnar í samræmi við reglur.

6. gr.

Við 48. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Verði ágreiningur um ákvörðun í borgarráði telst málið eigi til lykta leitt fyrr en það hefur hlotið staðfestingu á næsta reglulega fundi borgarstjórnar.

7. gr.

Við 54. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Ef bæði formaður og varaformaður eru forfallaðir á fundi skal kjósa úr hópi nefndarmanna sem sinnir formennsku það skiptið.

8. gr.

Við 55. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Nefndum borgarstjórnar er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt mótatkvæðalaust á næsta nefndarfundi á undan, svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

9. gr.

Á eftir 56. gr. samþykktarinnar kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samþykktarinnar til samræmis við það:

Bókun og fyrirspurnir.

Nefndarmenn í borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnnum eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er á fundinum eða stutta fyrirspurn í fundargerð um mál sem eru á verksviði nefndarinnar.

Bókanir og fyrirspurnir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Óheimilt er að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu borgarfulltrúans til máls sem til meðferðar er.

10. gr.

Í B-lið 63. gr. samþykktarinnar, sem verður 64. gr., fellur 5. tl. út og færast aðrir tölulíðir upp til samræmis við það.

11. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 8. september 2016.

F. h. r.

Ólafur Kr. Hjörleifsson.

Stefanía Traustadóttir.